


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2	<b>HTL 603</b> <b>Kennsluáætlun vorönn 2015</b>	

Nafn kennara: Viðtalstímar kennara:	Sveina Björk Jóhannesdóttir miðvikudagar kl 10.55-11.25	Sk.stöfun: Netfang:	SBJ sveina@vma.is
--	--	------------------------	----------------------

### Áfangalýsing:

Í áfanganum eiga nemendur að útfæra verk eftir eigin hugmynd og velja miðil eftir eigin áhugasviði. Nemendur geta valið að dýpka skilning á miðlum sem þeir hafa áður kynnst eða kynnt nýja. Nemendur skulu skipuleggja heildarvinnuferlið, frá hugmynd að endanlegri niðurstöðu, verki sem þeir sýna í lok annar. Verkið skal uppfylla kröfur um hugmyndaauðgi, listræna framsetningu og góðan frágang. Nemendum er frjálst að leita fanga eins víða og þeir telja nauðsynlegt til að ná fram settum markmiðum. Í lok áfangans eiga nemendur að draga reynslu sína saman í skriflegri greinargerð.

### Markmið:

er að nemandinn:

- hafi þjálfast í sjálfstæðum, faglegum og skapandi vinnubrögðum
- sé fær um að taka sjálfstæðar ákvarðanir um verkefnaval og í úrvinnslu
- geti sett fram vinnuáætlun, fylgt henni og greint verkþætti
- auki færni sína í að vinna vandaða hugmyndavinnu á því formi sem hentar honum
- sýni fram á að hann geti endurmetið hugmyndir sínar og tekið tillit til breytinga í framkvæmd
- sé fær um að fjalla um eigin verk og annarra á greinargóðan og gagnlegan hátt

### Námsgögn:

Bækur, tímarit og vefsíður sem tengjast hugmyndum og vinnuferli hvers og eins.

### Efni:

Nemendur velja þann miðil sem þeim hentar, útvega efni sjálfir og greiða fyrir það. Mjög mikilvægt er að nemendur vinni heimavinnu jafnt og þétt á milli tíma til að ná settum markmiðum og árangri.

### Áætlun um yfirferð:

#### Verkáætlun:

Í upphafi áfangans skulu nemendur vinna verkáætlun og skila til kennara. Verkáætluninni er ætlað að vera stuðningur í vinnuferli sem getur breyst og þróast.

#### Dag- og/eða skissubók:

Rík áhersla verður lögð á að nemendur vinni skissu- og hugmyndavinnu á markvissan hátt þannig að hann skrá t.d. í dagbókarformi, ferlið, hugsanir, pælingar, mögulegar tengingar og geri á þann hátt ferlið sýnilegt. Nemendur nota þetta við gerð greinargerðarinnar í lok áfangans.

#### Umræður:


Jafnt og þétt verða umræður um vinnu einstaklingslega og í hóp. Haldnir verða fundir með hópnum og nemendur skrá sig í einstaklingsviðtöl hjá kennara (sjá töflu).

#### Sýning:

Í lok áfanga setja nemendur upp sýningu á verkum sínum og undirbúa hana í samráði við samnemendur sína. Nemendur skipta með sér verkum við undirbúning hennar og uppsetningu.

#### Greinargerð:

Nemendur skila skriflegri greinargerð í lok áfanga þar sem fram koma forsendur fyrir vali á viðfangsefni, hugmynd, lýsing á þróun og ferli auk afstöðu höfundar til niðurstöðu sinnar.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	<b>HTL 603</b> <b>Kennsluáætlun vorönn 2015</b>	

VIKA	DAGS.	DAGSKRÁ	VIKA	DAGS.	DAGSKRÁ
1	7. janúar	Fundur + Skipulagning viðtala	9	4. mars	Fundur + Yfirferð
2	12.-16. janúar	Einstaklingsviðtöl Skil á verklýsingu	10	9.-13. mars	Einstaklingsviðtöl
3	19.-23. janúar	Einstaklingsviðtöl	11	16.-20. mars	Einstaklingsviðtöl
4	26.-30. janúar	Einstaklingsviðtöl	12	23.-27. mars	Einstaklingsviðtöl
5	4. febrúar	Fundur + Yfirferð	13	8. apríl	Skila skal fullkláruðu verki. Yfirferð + sýning undirbúin
6	9.-13. febrúar	Einstaklingsviðtöl		13.-17. apríl	Sýningarundirbúningur
7	16. - 18. febrúar	Einstaklingsviðtöl	14	22.apríl – 3. maí	Sýning + Yfirferð með prófdómurum
8	23. - 27. febrúar	Einstaklingsviðtöl	15	5. maí	Skila skal: Greinargerð, dag-/skissubók og ferilmöppu

Námsþáttur	Lýsing	Vægi
<b>Vinnuáætlun</b>	Skipulag nemandans yfir vinnu annarinnar	5%
<b>Dag-/Skissubók og Ferilmappa</b>	Dagbókarfærslur yfir vinnu nemandans og allar skissur + öll þróunnar og hugmyndavinna sett fram á aðgengilegan hátt	20%
<b>Greinargerð</b>	Samantekt á þeim þáttum sem leiddu til loka niðurstöðu	5%
<b>Sýningarundirbúningur</b>	Þátttaka nemandans í undirbúningi sýningar og upphengi	5%
<b>Lokaverk</b>	Lokaniðurstaða vinnu nemandans í áfanganum	15%
<b>Lokamat og yfirferð</b>	Yfirferð kennara áfangans og annarra kennara brautarinnar	50%

Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósótt verk nemenda í eitt ár án ábyrgðar.

**Með fyrirvara um breytingar**  
**Dagsetning:**

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða kennslustjóra